



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu landsmóts UMFÍ
10. júlí 2009**

Ráðherrar, alþingismenn,
forysta UMFÍ, íþróttafólk
og aðrir góðir gestir.

Þegar við komum hér saman á nýjum og glæsilegum velli sem Akureyri færir æsku sinni, vígir nú til heiðurs ungmennahreyfingu sem í röska öld hefur verið kjölfesta í félagsstarfi Íslendinga, þá leitar hugurinn til frumherjanna sem áttu sér draum um hið nýja Ísland, sjálfstætt, frjálst, sóknjarft, helgað framförum í sveit og fjörðum.

Fyrsta landsmótið, haldið fyrir 100 árum hér á Akureyri, bar svipmót fátækrar þjóðar sem fetaði fyrstu sporin á vegferð heimastjórnar. Íþróttir sem nú eru iðkaðar daglega voru þá nánast óþekktar, sumar með öllu framandi, jafnvel fótboltaleikurinn sem fram fór milli Akureyrar og Húsavíkur var áhorfendum furðuspil og sagði blaðið Norðurland að þar eð Akureyringar „unnu 1 sinni í fyrri hluta leiks, en jafnleikið að öðru leyti“ fengu þeir þó fánastöng í verðlaun.

Landsmótin hafa ætíð síðan verið áfangar á þroskabraut þjóðarinnar, borið merki árangurs á mörgum sviðum; metnaður byggðanna að búa þeim veglega umgjörð enda ungmennafélögin aflvaki í samstöðu og sjálfstrausti íbúanna, jafnt á tímum erfiðleika og framfarasóknar.

Akureyri fylgir í verki þessum hefðum og umgjörð landsmótsins nú, hins fjölsóttasta frá upphafi vega, er áminning til okkar allra um að þrátt

fyrir mótbyr um þessar mundir er hægt að lyfta grettistaki, leggja grundvöll að glæstum árangri í framtíðinni.

Íslenska þjóðin þarf einmitt nú á hugsjónum og eldmóði ungmenna-félaganna að halda, uppeldisstarfinu sem gert hefur sérhverja kynslóð vel úr garði, búið hana mannkostum, samstarfsvilja og víðtækri hæfni.

Það er sannarlega gleðiefni að þrátt fyrir áföll okkar og erfiðleika skuli UMFÍ efna til glæsilegrar íþrótt- og æskulýðshátíðar, birta þjóðinni slíkan samtakamátt og sóknarkraft, sýna að enn í upphafi nýrrar aldar er ungmennahreyfingin líkt og fyrir 100 árum burðarás í baráttu þjóðar, að hugsjónin um hið nýja Ísland er áfram leiðarljós sem á erindi við okkar tíma.

Ég færi UMFÍ á þessum tímamótum einlægar þakkir Íslendinga og óska ykkur öllum, forystusveit UMFÍ, sjálfboðaliðum og þúsundum íþróttafólks til hamingju með landsmótið og reyndar allt ykkar starf.

Ísland hefur í hundrað ár þurft á hreyfingunni að halda – og svo er enn um þessar mundir, jafnvel meira nú en oftast áður.

Heill Íslands og hagur UMFÍ hafa ætíð farið saman og svo mun verða um alla framtíð.

Til hamingju með landsmótið.